

Fundur 15.11.2021 Erlon álfakyns.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið, velkominn,*

Höfum við oft fylgst með ykkur og viljum við gjarnan segja frá okkar högum hér í kvöld og vonum við að samband okkar hnatta nái að magna okkur og ykkur til enn æðri lífsstöðva þannig að sem mest gagn megi verða af því.

Höfum við af þrautsegu haldið áfram starfi okkar og höfum við nokkrum sinnum náð stórkostlegum samböndum sem hafa læknað okkur og býsna marga í þjóðfélagi okkar en stundum er sambandið svo dauft að ekki hefur tekist að tala til gesta annarra stjörnusambands-stöðva né taka á móti mörgum samböndum.

En er svo fjölda margt líkt með sögu okkar hnattar og ykkar hnattar að væri það óskandi að okkur tækist að koma því í gegn hér í kvöld, hvernig sú saga er.

Má segja að samstillingin sé mikil í okkar sal og höfum við mikla trú á því að sambandið við ykkar jörð geti verið mikilvægt skref í því að færa örlagahjól okkar og ykkar á gæfusamlegri brautir og kemur þar margt til.

Veit ég að munurinn á ykkar hópi samstilltra gesta um hið mikla málefni, sambands á milli hnattanna og okkar hópi er ekki svo ýkja mikill, nema það að okkar viðleitni nýtur fjölmennara fylgis og hefur gert lengi, en er það líkt með okkar hnöttum að eru þeir báðir frumlífshnettir og allur almenningur hnattanna hefur ekki sýnt þessu stórkostlega máli þá athygli sem það á skilið og vonum við að það breytist bæði hjá okkur og ykkur.

Búum við ekki svo vel að halda fundi okkar í veglegri stjörnusambandsstöð sem hýsir þúsundir og studd er af ríkisstjórnunum hnattarins, heldur komum við saman í húsakynnum þeim sem traustur félagsskapur og trúarhópur hefur iðkað að koma saman í öldum saman og höfum við náð samneyti við þá og njótum góðs af samskiptum við þá.

Hef ég margoft átt samræður við þá fjölmörgu aðila sem búa á frumlífshnöttum og vilja komast upp úr þeim hjólförum vanþekkingar sem eru til trafala þar sem sambandið við aðra hnetti er ekki uppgötvað.

Og hefur það margoft borist í tal að sumir frumlífshnettir falla úr leik og komast á helstefnubraut og býsna margir hnettir, frumlífshnettir komast á lífstefnubraut þar sem þetta mikla samband er uppgötvað og yfirvöldin taka það upp á sína arma og vísindin njóta góðs af því og trúarbrögðin til jafns.

Og svo eru aðrir hnettir þar sem helstefna og lífstefna takast á jöfnum höndum og ekki tekst að þoka mannkynjum hnattanna á sitt hvorn veginn og er það sem ég ætlaði að ræða í kvöld, sérstök ástæða til að halda að þeir hnettir gegni veigamiklu

hlutverki eins og ykkar hnöttur og ef til vill okkar hnöttur, í því að skera úr um það hvort sólhverfin og stjörnuþyrpingarnar og vetrarbrautirnar magnist saman þannig að lífstefnan sigri og að ógnaröfl alheimsins nái ekki yfirhöndinni með þeim afleiðingum að meirihluti mannkynjanna ferst heldur lifir af og kemst á framfarabraut og nær að eiga samskipti við önnur mannkyn og taka sífellt meiri framförum.

Er ástæða til að ætla að ákveðin helstefnuöfl vilji hindra það að slík mannkyn uppgötvhi þið mikla samband, þar sem það getur breytt miklu um framvinduna fyrir önnur mannkyn og sigrað helstefnu mannkyn.

Vil ég nú gera hvíld á máli mínu og leyfa nokkrum spurningum að komast að áður en næsta samband verður reynt að koma á hjá ykkur.

Hefur þú komið áður?

Nei ég hef ekki komið áður en margir af mínum ættflokki á öðrum hnöttum hafa komið áður.

*Getur þú sagt nafn þitt?*

Já, það er ekki venjulegt nafn hjá ykkur en ég heiti ERLON,

*Erlon?*

Já Erlon.

*Getur þú sagt okkur frá hnettinum sem þú býrð á og sólhverfinu?*

Já, hér eru vísindalegri framfarir í hávegum hafðar en áður var, en ég hygg að okkar hnöttur sé svipaður að stærð og ykkar en hann er hugsanlega eitthvað örlítið minni.

Dagarnir eru lítið eitt styttri og er okkur kennt að nýta sólarljósið vel á meðan það varir og fá úr því orku.

*Eru ekki árstíðarskipti?*

Jú, það eru árstíðarskipti og hnettir okkar í sólhverfinu eru fáir sem, flestir eru þeir langt frá sólu með langan sporgöngutíma.

Já það eru árstíðarskipti og sólin er gul rauðleit, og hygg ég að ekki sé byggilegt á eins stórum svæðum eins og á ykkar hnetti þar sem ís þekur nokkuð stóra fleti á pólum eins og hjá ykkur.

En vísindamenn okkar hafa á undanförnum áratugum og árum fundið æbetri leiðir til þess að hita upp hýbýlin og hefur fólksfjölgun orðið mikil og munar þar miklu að hin gömlu trúarbrögð hafa þokað og þekkingin á lögmálum hefur orðið viðurkennd.

Erum við með fylgihnetti og sjást þeir stundum. Hygg að sól okkar sé eitthvað eldri en ykkar þar sem talað er um að hún sé farin að gefa frá sér minni varma en hún gerði áður. En vísindamenn okkar vissu það ekki áður enda var þjóð okkar lengi í viðjum trúarbragða.

*Hvaða orku notið þið?*

Það eru margskonar orkulindir, vindar og skepnur notaðar í sumt og hér eru nokkurs konar eldsneytisgjafar og ekki ósvipaðir og hjá ykkur býst ég við.

En í okkar hópi er talað um að efla líforkuna og þykir mér það leitt að vísindabylting sú sem hér hefur gengið yfir hefur ekki tekið tillit til margskonar fræða sem okkar hópur hefur haldið á lofti.

*Notið þið raforku?*

Já, ég hygg að ég geti svarað því játaandi, en

*En kjarnorku?*

Nei, það var um stutt skeið en það tókst alþjóðlegt samþykki um að fara ekki út á þá braut, það urðu ákveðin slys.

*Notið þið kol eða olíu?*

Já, það eru plöntuleifar, olía og það er misjafnt eftir landsvæðum, en það er enn þá talsvert mikið um það að ljósavélar séu notaðar þar sem, hér eru mikil og sterk dýr sem voru notuð frá fornu fari til að knýja áfram slíkar vélar og er það gert ennþá þar sem kallaðar eru hinar frumstæðari byggðir.

Það eru nokkurs konar uxar sem knýja þær vélar og framleiða rafmagn. En þar sem borgirnar eru nýtiskulegastar eru aðrir orkugjafar notaðir eins og olía og sólaroka og ýmislegt þesslegt.

En það sem ég vildi leggja sérstaklega áherslu á hérna í kvöld, er að við þessi hópur á mínum hnetti erum víða um lönd, og teljum við að hugarsfarsbreyting geti orðið á mörgum slíkum hnöttum og orðið til mikilla bóta.

Viljum við gjarnan skipta út okkar orkugjöfum og höfum af því fréttir þar sem líforkan hefur sigrað að aðrir orkugjafar eru teknir í notkun sem spilla ekki umhverfinu.

*Er það eitthvað tengt loftslagsmálum?*

Já, við vitum að slíkt getur haft neikvæð áhrif hjá okkur eins og talað er um víðar, en til þess þarf samstilling fólksins að aukast og kærleikurinn, þannig að sambandsorkan nái yfirhöndinni og þá koma fram ýmsar leiðir til að beisla þá orku.

En hér sitjum við upp á fjalli í miklum nokkurskonar klettahelli, erum hér samstillt í hóp og við finnum orkuna og skynjum ljósið frá æðri lífsstöðvum og erum mjög áköf í því að ná betri árangri í sambandsmálum og viljum að þið hafið okkur í huga.

Við vitum að ættingjar okkar hafa haft andleg samskipti við ykkur og jafnvel ef marka má sumar sögur hafa heimsótt ykkar hnött.

Erum við ekki alveg af sömu ætt en náskyldri ykkar ætt og tel ég að munurinn á okkar tegundum hafi verið mjög ýktur þar sem við lítum svipað út og þið en erum lítið eitt lægri.

Hafið þið kallað ættmenn okkar Álfu. En ég endurtek að útlitsmunurinn er mjög ýktur og erum við efnislegar verur en ekki andlegar.

Og með lífeðlisfræði eins og ykkar, en hyggjum við betur að því síðar og gleður það okkur að hafa komist í sambandið og að skynsamleg sambönd um þetta og fræðslu atriði þoki hjátrúarhugmyndum og vonum við að þau sambönd verði meiri þar sem margt þarf að útskýra betur.

Þakka ég fyrir mig í kvöld og vona ég að sambönd verði sem flest á næstunni og verið þið sælir.

*Þakka þér kærlega fyrir og vertu velkominn aftur.*

Þakka ég fyrir.